

RARIK

Garðabær, 8. júlí 2025

202507-0019/I.M.B.

10.03.01

Efni: Leyfi til framkvæmda á Teigarhorni Múlþingi

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn RARIK, dagsett 4. júlí 2025, um leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins á Teigarhorni.

Teigarhorn var friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. [416/2013](#). Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Múlþings og Náttúruverndarstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir að leggja framlengingu á lögn frá aðveitustöð í Teigarhorni. Framlengja þarf núverandi lögn sem er nú í um 100m fjarlægð frá stöðinni þar sem vatn er farið að renna inn í kjallara stöðvarinnar. Notuð verður beltagrafa til að grafa niður rörið í skurð sem verður um 1 m djúpur, að hámarki 50 cm breiður og 300m langur. Vatninu verður veitt í skurð sem liggur í um 70m fjarlægð frá þjóðveginum. Grafan verður einnig notuð til lagfæra ummerki eftir gröftinn. Þar sem vatn lekur inn í stöðina verður farið í framkvæmdirnar um leið og öll leyfi liggja fyrir. Áætlaður verktími er 3 dagar og koma 2-3 starfsmenn að verkinu. Kort af lagnaleið, myndir af svæðinu og frekari upplýsingar um verkið fylgdu með umsókninni.

Áhrifamat:

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun framkvæmdin hafa tímabundin neikvæð áhrif á það svæði sem framkvæmdin nær yfir. Fyrirhugað er að grafa í gróið svæði en ef vel er frá gengið og skilyrðum leyfisins fylgt er líklegt að áhrif framkvæmdarinnar verði minniháttar. Verkefnið er minniháttar og er ekki skipulagsskylt.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir RARIK fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan fólkvangsins í Teigarhorni sbr. lýsingu hér að ofan og fylgigögnum um leið og öll leyfi fyrir framkvæmdinni liggja fyrir að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**

- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Allur akstur utan vega utan framkvæmdasvæðis er óheimill.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna eftir því sem unnt er.
- Gæta skal að mengunarvörnum beltagröfunnar og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfi Framkvæmdasýslu – Ríkiseigna og Múlapings gæti þurft fyrir framkvæmdinni.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdinni og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnunar.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir

sviðstjóri

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur